

1 fundur í Betadeild starfsárið 2003-2004

6. október 2003

Fundurinn var haldinn í Eikarlundi 10. Anna Þóra setti fundinn og gerði grein fyrir forföllum nokkurra kvenna, 13 voru mættar. Anna Þóra sagði frá kveðjuhófi sem haldið var Margréti Björgvinsdóttur og Haraldi Bessasyni. Anna Þóra kvaddi Margréti fyrir hönd Betadeildar við það tækifæri. Hún hafði einnig heyrt í Margréti Eggertsdóttur, borið henni kveðjur okkar og boðið að mæta á fund þegar hún á leið norður.

1.Orð til umhugsunar starfið mitt: María Steingrimsdóttir

María rakti starfsferil sinn við HA frá því hún hóf störf þar við afgreiðslu, síðar ritari rektors og starfar núna sem aðjúnt við kennaradeild og hefur umsjón með vettvangsnámi kennaranema. María gerði grein fyrir skipulagi vettvangsnámsins og tengslum sínum við grunnskólana. Gefandi og áhugavert starf.

Lilja Sæmundsdóttir mun segja frá sínu starfi á næsta fundi.

2.Lesnar voru fundargerðir tveggja síðustu funda fyrra starfsárs og voru þær samþykktar.

3.Fréttir og upplýsingar

Anna Þóra sagði frá Evrópuráðstefnunni sem haldin var hér sl. sumar. Ráðstefnan stóð yfir í tvo daga, tókst vel í alla staði og var hin glæsilegasta. Einkunnarorð ráðstefnunnar voru “gróska-hæfni-forysta”. Vigdís Finnbogadóttir var heiðursgestur ráðstefnunnar, hún opnaði ráðstefnuna með erindi sem hún nefndi Konur og forysta á 21 öldinni og talaði út frá einkunnarorðunum og hvatti konur til þess að viðhalda krafti í kvennabaráttunni. Af fjórum aðalræðumönnum ráðstefnunnar voru þrír íslenskir. Auk Vigdísar voru þær Sigrún Arinbjarnardóttir, prófessor og Gerður G. Óskarsdóttir fræðslustjóri í Reykjavík (starfsheiti?) aðalræðumenn og fluttu báðar mjög fróðleg erindi. Það er hefð fyrir því að fulltrúi frá hverju landi flytji ljóð á sínu tungumáli og er það hugsað sem kynning á tungumálinu. Ljóðið “Aðeins eitt blóm” eftir Þuríði Guðmundsdóttur, var flutt til kynningar íslenskunni. Anna Þóra sem var formaður gestgjafanefndar og hafði í meira en nógu að snúast ráðstefnudagana og þakkaði konum sem lögðu hönd á plóginn.

Helga var formaður sýningarnefndar og einnig var Jóhanna í nefndinni. Helga sagði frá starfi sýningarnefndar, en höfðu í nógu að snúast því á síðustu stundu kom í ljós að enn fleiri deildir ætluðu að kynna efni og selja vörur en tilkynnt höfðu. Þurftu þær m.a. að sækja og koma stórum og þungum skilrúmum, sem fengin voru að láni í Námsgagnastofnun, til og frá ráðstefnustað. Var það ótrúlega mikil og erfið vinna. Kynningarsvæðið var þó auðvitað tilbúið á réttum tíma þrátt fyrir allt.

Ragnheiður Stefánsdóttir var í skemmtinefnd og sagði frá hlutverki og vel heppnuðum verkefnum nefndar. Ragnheiður sá ásamt fleirum um léttar æfingar á milli fræðalota og stjórnaði sundleikfimi eldsnemma alla morgna. Rósa nýi landssambandsforsetinn okkar stóð fyrir work shop á ráðstefnunni, þar sem hún kynnti meistaraprófsverkefni sitt, hún var einnig veislustjóri í hátíðarveislu og sat tveggja daga forsetanámskeið áður en að ráðstefnunni kom. Þar að auki sat Rósa í lista- og kynningarnefnd sem hannaði og sá um nafnspjöld, matseðil vegna hátíðarkvöldarðar, töskur o.fl. kynningarefni. Ekki er annað að heyra en að okkar ágætu Bestasystur hafi látið mikið

að sér kveða á þessu þingi eins og þeirra var von og vísa. Við sem ekki sóttum ráðstefnuna þökkum þeim skörulega framgöngu.

Tilkynnt var um nýja útgáfunefnd félagsins, þær eru úr Betadeild; Sigrún og Selma og Margrét til aðstoðar. Helga Thorlacius er nýr ritari Landssambandsins.

4. Framkvæmdaráðsfundur 27. sept.

Fundinn sátu landssambandsstjórn, lögsögumaður, fráfarandi forseti og formenn deilda. Auk hefðbundinna fundastarfa var unnið að framkvæmdaáætlun til næstu tveggja ára; þemað er “heimilið - fjölmenning”. Helga sagði frá meginviðfangsefnum annarra deilda m.a. stendur til að skoða rannsóknir kvenna, fara í naflaskoðun, skoða hvernig vekja megir athygli á konum, fjölmenning síðast en ekki síst menning og listir. Upplýst var að í sumum deildum er konum skipt í hópa sem skiptast á að bera ábyrgð á fundunum er það m.a. gert til að létta á formönnum deildanna. Einnig kom fram að ýmislegt efni er til sem Betadeild stendur til boða að selja til eigin fjáröflunar.

5. Kveðja og gjöf frá Jennu Jensdóttur

Á Landssambandsþinginu í apríl sl. kom Jenna á framfæri blaðagrein og kvæði sem hún þýddi árið 1981. Kvæðið er eftir Betty Lou Driver og heitir “Barn”. Jenna taldi best að varðveita þessi gögn í Betadeild. Anna Þóra mun senda Jennu þakkarbréf í nafni deildarinnar.

6. Félagatal

Leiðrétt félagatal í undirbúningi.

7. Albúm

Kallað eftir myndum í albúm fyrir deildina.

8. Skjalanefnd

Margrét Albertsdóttir og Ragnheiður Stefánsdóttir eru í skjalanefnd. Safna saman félagatölum, fundagerðum, fréttabréfum og fleiru. Konur beðnar að koma koma gögnum til Margrétar ef þær eiga í fórum sínum og. Gagnasafnið fer á Héraðsskjalasafnið á Amtbókasafni.

9. Gjaldkeri óskar eftir leyfi.

Sólveig Hrafnisdóttir óskar eftir leyfi frá störfum sem gjaldkeri. Jóhanna Þorsteinsdóttir tekur við.

10. Vetrardagskrá

Drög að vetrardagskrá kynnt og samþykkt.

Stjórnin sá um kaffiveitingar. Halldóra mun útbúa kaffilista fyrir næsta fund.

Hugmyndir að nýjum félögum til umræðu á næsta fundi.

Happdrættisvinning hlaut Jóhanna S. Þorsteinsdóttir.

Fundi slitið

Halldóra Haraldsdóttir

Kaffi og veitingar 2003-2004 - tillögur

6. október: Magna, Halldóra, Sólveig, Helga

4. nóvember: Jóhanna, Hanna, Þórunn

6. desember: Margrét Albertsdóttir, Margrét K Jónsdóttir, Sigrún Magnúsdóttir

13. janúar: allar

18. febrúar: Alma Oddgeirsdóttir, Lilja Sæmundsdóttir, Ragnheiður Stefánsdóttir

25. mars: Selma Hauksdóttir, Sigrún Aðalgeirsdóttir, Þórunn Bergsdóttir

7. maí: